

## Svar

### félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um úrræði umboðsmanns skuldara.

1. Hversu margir hafa sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga hvert ár frá gildistöku laga nr. 101/2010 og hverjar hafa verið lyktir mála þeirra, sundurliðað eftir því hvort umsókn var samþykkt eða synjað, hvort greiðsluaðlögun komst á eða ekki og af hvaða ástæðum samkvæmt tilteknum lagaákvæðum eða öðrum flokkunarlyklum?

Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun hvert ár frá gildistöku má sjá í eftirfarandi töflu:

| 2010  | 2011  | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | Samtals      |
|-------|-------|------|------|------|------|------|------|------|------|--------------|
| 1.485 | 2.344 | 822  | 649  | 595  | 386  | 418  | 470  | 385  | 150  | <b>7.704</b> |

Lyktir mála, sundurliðaðar eftir því hvort umsókn var samþykkt eða synjað, hvort greiðsluaðlögun komst á eða ekki og af hvaða ástæðum samkvæmt tilteknum lagaákvæðum eða öðrum flokkunarlyklum, eins og hægt er:

|                            |              |
|----------------------------|--------------|
| Í vinnslu í mars 2019      | 172          |
| Synjað samtals             | 1.299        |
| <b>Niðurfellt samtals</b>  | <b>1.338</b> |
| <b>Samþykkt:</b>           | <b>4.895</b> |
| – Umsjónarmaður            | 27           |
| – Samningur komst á        | 3.335        |
| – Niðurfellt v/athugasemda | 813          |
| – Afturkallað              | 539          |
| – Lokið án samnings        | 90           |
| – Nauðasamningar           | 69           |
| – Nauðasamningi synjað     | 22           |

2. Hversu mörg greiðsluaðlögunarmál hafa borist kærunefnd greiðsluaðlögunarmála eða úrskurðarnefnd velferðarmála hvert ár frá gildistöku laga nr. 101/2010 og hverjar hafa verið lyktir þeirra, sundurliðað eftir árum, hvort niðurstaða var umsækjanda í hag eða óhag og eftir helstu ástæðum eins og unnt er?

Kærð mál til kærunefndar frá gildistöku laga nr. 101/2010 eru samtals 715. Sundurliðun eins og unnt er:

|  |     |
|--|-----|
| Endurupptekið hjá Umboðsmanni skuldara       | 38  |
| Fallið frá kæru eða kærunefnd vísað kæru frá | 87  |
| Ákvörðun umboðsmanns skuldara staðfest       | 501 |
| Ákvörðun umboðsmanns skuldara felld úr gildi | 89  |

3. *Hversu margir hafa sótt um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta hvert ár frá gildistöku laga nr. 9/2014 og hverjar hafa verið lyktir mála þeirra, sundurliðað eftir því hvort umsókn var samþykkt eða synjað og af hvaða ástæðum samkvæmt tilteknum lagaákvæðum eða öðrum flokkunarlyklum?*

Fjöldi umsókna um fjárhagsaðstoð, sundurliðað eftir árum:

| Alls            | Umsóknir    | Samþykkt   | Synjað     | Felld niður |
|-----------------|-------------|------------|------------|-------------|
| 2014            | 592         | 165        | 228        | 151         |
| 2015            | 278         | 123        | 75         | 97          |
| 2016            | 279         | 112        | 95         | 92          |
| 2017            | 192         | 55         | 66         | 63          |
| 2018            | 185         | 35         | 81         | 45          |
| 2019            | 42          | 9          | 31         | 16          |
| <b>Samtals:</b> | <b>1568</b> | <b>499</b> | <b>576</b> | <b>464</b>  |

4. *Hversu margar synjanir um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta hafa verið kærðar til ráðherra á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 9/2014 og hverjar hafa verið lyktir þeirra mála, sundurliðað eftir árum, hvort niðurstaða var umsækjanda í hag eða óhag og eftir helstu ástæðum eins og unnt er?*

Mál kærð til ráðuneytisins á grundvelli 6. gr. laga nr. 9/2014 eru samtals 15. Sundurliðað eins og hægt er:

|  |   |
|--|---|
| Endurupptekið hjá umboðsmanni skuldara | 4 |
| Fallið frá kæru                        | 2 |
| Ákvörðun staðfest                      | 7 |
| Ákvörðun felld úr gildi                | 2 |

Ástæður synjunar má sjá í eftirfarandi töflu. Mögulegt er að fleiri en ein ástæða sé í hverju máli:

|   |                        |   |
|---|------------------------|---|
| Önnur greiðsluvandaúræði hafa ekki verið reynd                                      | c-liður 1. mgr. 3. gr. | 8 |
| Getur staðið skil á tryggingu   | b-liður 1. mgr. 3. gr. | 2 |
| Skuldari hefur látið undan höfuð leggjast að greiða eftir getu                      | e-liður 2. mgr. 3. gr. | 1 |
| Samningur felldur niður skv. 15. gr.  | f-liður 2. mgr. 3. gr. | 3 |
| Skuldari hefur bakað sér skuldbindingu með refsiverðri háttsemi eða skaðabótaskyldu | c-liður 2. mgr. 3. gr. | 3 |

5. *Hver er kostnaðurinn af rekstri embættis umboðsmanns skuldara og tilheyrandi úrskurðaraðila á stjórnarsýslustigi, og hvernig er sú starfsemi fjármögnuð, sundurliðað eftir árum og einstökum tekju- og útgjaldaliðum eins og unnt er?*

Fjármögnun embættis umboðsmanns skuldara fer eftir lögum nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, með síðari breytingum. Sundurliðað eins og hægt er:

|                           | 2010               | 2011               | 2012                 | 2013               |
|---------------------------|--------------------|--------------------|----------------------|--------------------|
| Laun og launatengd gjöld  | 146.148.893        | 504.933.940        | 656.243.687          | 538.592.586        |
| Ferðakostnaður            | 944.074            | 3.508.168          | 6.710.212            | 3.511.541          |
| Skrifstofu- og stj.kostn. | 40.014.214         | 78.510.796         | 68.953.489           | 51.390.479         |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta  | 43.375.700         | 178.581.940        | 357.238.519          | 192.952.502        |
| Húsnæðiskostnaður         | 20.319.950         | 45.370.516         | 55.123.636           | 46.348.404         |
| Afskriftir                |                    |                    |                      |                    |
| Samtals                   | 250.802.831        | 810.905.360        | 1.144.269.543        | 832.795.512        |
| Fjárhagsaðstoð            |                    |                    |                      |                    |
| <b>Samtals</b>            | <b>250.802.831</b> | <b>810.905.360</b> | <b>1.144.269.543</b> | <b>832.795.512</b> |
|                           | 2014               | 2015               | 2016                 | 2017               |
| Laun og launatengd gjöld  | 438.223.210        | 290.463.247        | 271.785.824          | 242.312.433        |
| Ferðakostnaður            | 3.823.683          | 4.370.865          | 1.063.933            | 1.063.933          |
| Skrifstofu- og stj.kostn. | 10.853.494         | 6.725.974          | 5.416.215            | 4.397.848          |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta  | 154.044.466        | 45.230.136         | 30.243.100           | 19.235.054         |
| Húsnæðiskostnaður         | 44.466.931         | 31.031.783         | 31.069.297           | 28.412.330         |
| Afskriftir                |                    |                    |                      | 2.143.811          |
| Samtals                   | 651.411.784        | 377.822.005        | 340.279.277          | 295.421.598        |
| Fjárhagsaðstoð            | 38.626.273         | 29.923.926         | 27.386.369           | 13.295.234         |
| <b>Samtals</b>            | <b>690.038.057</b> | <b>407.745.931</b> | <b>367.665.646</b>   | <b>308.716.832</b> |

6. Hefur ráðherra í hyggju að setja reglugerð um greiðsluádlögun einstaklinga skv. 34. gr. laga nr. 101/2010?

Fyrirhugað er að vinna við reglugerð um greiðsluádlögun einstaklinga, sem sett verður samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 101/2010, ljúki haustið 2019. Ráðgert er að setja drögin að reglugerðinni inn á samráðsgátt Stjórnarráðsins um leið og þeirri vinnu lýkur.